

**Ed.                      824. Tillaga til rökstuddrar dagskrár            [220. mál]**

i málinu: Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysis-  
tryggingar (fæðingarorlof).

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Axel Jónssyni, Stefáni Jónssyni  
og Jóni Árm. Héðinssyni.

Þar sem í tillögu heilbrigðis- og trygginganefndar þessarar hv. deildar er lagt til að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1976 og með tilvísun til þess að lagaákvæði þessi þurfa nánari athugunar við, samþykkir deildin að fela ríkisstjórninni að semja frv. til laga um málið er verði lagt fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.